



## Hola 2. Vík í Mýrdal. Jarðlög og ummyndun

Jens Tómasson

Greinargerð JT-88-05

ORKUSTOFNUN  
Jarðhitadeild  
1988-10-24

Greinargerð  
JT/88-05  
þþ

## HOLA 2. VÍK Í MÝRDAL JARÐLÖG OG UMMYNDUN

*2-60 m dýpi.* Móbergsbreksía misjafnlega glerrík og gæti verið eitt þunnt basaltlag í tæplega 20 m dýpi. Einnig er vottur af seti við þetta lag, svo að þetta gætu verið tvö móbergslög, sem eru þó mjög lík. Í móbergsbreksíunni er mest sidrómelan og trakkilýt/%ískt gler, blöðrött með plagíó-klaslista, díla af pyroxeni og ólivíni (myndir 1 og 2). Hugsanlegt er að þetta sé setmóberg, því það finnast nokkur brotkorn af seti sem eru með túff dreifikorn samskonar og finnast í túffinu. Hins vegar er allt túffið líkt, svo þetta virðist allt vera frá sömu eldstöð.

*Ummyndun.* Í stereosmásjá virðist meginhluti sidromelanglersins hafa breytt um lit, frá svörtu glansandi gleri yfir í rauðbrúnt matt gler, líklega vegna vötnunar og oxunar. Í þunnsneið virðist meginhluti sidromelanglersins vera ferskt rauðbrúnt gler, að vísu óvenju dökkt, en það gæti verið vegna mikils titans í glerinu. Víða í glerinu er að byrja ummyndun, sérstaklega við kanta brotkornanna og við blöðrur. Sennilega er það þessi ummyndun, sem breytir lit á glerinu.

*Ummyndun glersins:* Fyrst myndast gelpalagónít sem er sennilega mest vatnað gler því það er næstum alltaf ísatrópt, síðan kemur þráðpalagónít, sem er smektít (saponít) (myndir 5-6). Á myndum 3-6 er gelpalagónítíð um 0,01-0,02 cm þykkt en þráðpalagónítíð 0,03-0,07 cm þykkt. Þetta mun vera gott daemi um þykktarhlutföllin á milli gelpalagóníts og þráðpalagóníts.

Önnur ummyndun af gleri er að ópall kemur í stað glersins án þess að bygging glersins breytist (myndir 7 og 8). Allt að 5% af glerinu gæti verið farið yfir í ópal. Einnig finnast í stöku tilfellum að ópall kemur í stað gelpalagóníts. Þá myndast fyrst ópall síðan

vottar fyrir smektítí (þráðpalagónítí), síðan eru holurnar fylltar með grænum massa anísatrópum, sem líkist mjög gelpalagónít, grænn ópall?

Holufyllingarsteindir eru analssím, kapasít og kalsít og eru allar myndaðar á eftir palagónítinu, a.m.k eftir gelpalagónítinu eins og sýnt er á myndum 9 og 10. Þegar tínd voru korn til röntgengreininga fannst bara analssím, svo það mun því vera algengasta steindin af þessum þremur er fundust í þunnsneið.

Ein þunnsneið er frá þessu lagi, frá 10 m, nr. 14398. Frá sama dýpi er röntgengreining á útfellingum og leirgreining

*60-128 m dýpi.* Basaltlög með túffkenndum millilögum. Þessum lögum má skipta í tvennt, í 60-98 m dýpi eru basaltlög og móbergslög sem tilheyra móbergsmynduninni fyrir ofan, því basaltlögin og móbergið í þessari myndun hafa sömu díla og í móbergsmynduninni fyrir ofan. Glerið er mjög blöðrött, hinsvegar miklu ferskara en í lögum fyrir ofan og engar holufyllingar. Í leirgreiningu fannst enginn leir (smektít). Eina ummyndunin er ópalisering af gleri (myndir 11 og 12).

Frá 98-122 m dýpi er ferskt meðalgrófkristallað basalt, virðist vera eitt lag (gangur), fyrir neðan er ferskt túfflag. Í stereosmásjá sásst ferskt svart glansandi gler. Ein þunnsneið er frá þessum lögum frá 88 m, nr. 14399. Ein leirgreining er frá sama dýpi, enginn leir.

*128-140 m.* Set, mjög fínkornað efst, en hlutur basaltbrokkana eykst með dýpi. Basaltbrokkornin eru mjög líklega hluti af dreifikornum í setinu sem hafa farið yfir brotkornastærð, því það finnast stór basalt-dreifikorn í setinu eins og í setinu fyrir neð-

an (sjá t.d. myndir 15 og 16). Engin þunnsneið er til frá þessu lagi eða steindagreining.

**128-212 m dýpi.** Mjög glerríkt pyroxen og plagióklasdílótt túff nema í kringum 200 m dýpi gæti verið þunnt basaltlag og jafnvel setlag því örfá setbrotkorn finnast á 202 m dýpi. Glerið er mest svart glansandi í stereosmásjá, en í þunnsneið er þetta blöðrótt sidrómelan gler með nær engri ummyndun. Holurnar í glerinu eru ófylltar, nokkur brotkorn af ópal og analssím fundust. Glerið er rauðbrúnt, allmiklu ljósara og er frá 10 m dýpi, en auk þessa rauðbrúna glers finnst ljóst gler með lágt ljósbrot, súrt gler, þetta sést einnig í stereosmásjá sem ljóst gler og er dreif af þessu ljósa gleri. Auk þess finnast örfá brotkorn af mjög fínkristölluðu súru hrauni. Plagióklas og pyroxen dílarnir virðast stækka með dýpi og finnast sem brotkorn neðst í laginu. Ein þunnsneið er frá þessu lagi frá 148 m dýpi nr. 14400.

**212-336 m dýpi.** Set. Brotkornin eru mest setbrotkorn með mismiklu magni af basalt- og túffbrotkornum. Basaltbrotkornin eru örugglega hluti af setinu, því basalt dreifikornin eru mismunandi stór og þau stærstu nálgast brotkornastærðina (sjá myndir 15 og 16). Því er líklegt að basaltbrotkornin séu brot af basaldreifikornum sem eru stærri en brotkornin. Túffbrotkornin eru miklu misdreifðari en basaltbrotkornin og gætu verið frá túflögum í setinu. Dreifikornin í setinu eru basalt, túff, plagióklas og pyroxen. Dreifikornin eru misjafnlega stór og mikill munur á stærð þeirra frá einu brotkorni til annars. Þetta getur bent til að fin lagskipting sé í setinu. Algengasta stærð basalt- og túff-dreifikornanna er 0,05-0,2 mm og eru þessi dreifikorn nær alltaf ávöl (sjá myndir 17 og 18). Plagióklas- og pyroxendreifikornin eru minni, 0,01-0,07 mm og oftast köntótt. Líttill munur virðist á setinu frá einu dýptarbili til annars nema í túflögum. Þetta er líklega sjávarset því fundist hafa skeljabrot í þessu seti, paragónít á 226 m dýpi, sem hlýtur að vera frá lífrænu kalsíumkarbónati.

**Bindiefni:** Meginhlut bindiefnisins er brúnt til rauðbrúnt palagónít oftast ísotrópt, þ.e. þetta er aðeins vatnað gler (myndir 28-31). Þetta er sennilega myndað þannig að mjög smá glerdreifikorn hafa vatnast. Við það hefur orðið lítilsháttar rúmmálsbreyting og myndast samfellt gel af palagóníti milli dreifikornanna. Þar sem engin smá glerdreifikorn eru, verður ópall bndiefni (myndir 32 og 33). Einnig getur kalsít orðið bindiefni (myndir 40 og 41). Einnig er dæmi um zeólita sem bindiefni.

**Ummundun:** Sidromelan glerið er að mestu leytti ummyndað, en þó eru restir af fersku gleri í stærstu sidrómelan dreifikornunum í setinu (myndir 26 og 27). Sidrómelanglerið ummyndast yfir í gelpalagónít, veikt anísatrópt með einhverju smektíti. Gelpalagónítið myndar oft rima í kringum ferska glerið, en einnig finnst rimi af þráðóttu palagóníti eins og á myndum 19 og 20. Einnig myndast oft hvítur rimi í kringum fersk glerkorn eins og á myndum 21 og 22 sem er stundum að breytast yfir í kalsedon, því þessi rimi er sumsstaðar veikt anístrópur. Einnig er algengt að hvítur rimi sé kringum ummyndað gler (myndir 17 og 18). Sumsstaðar virðist glerið í miðjunni einnig farið yfir í ópal því ummyndaða glerið er oft alveg ísatrópt en brúnt eða grænlitað. Holufyllingar sem fundist hafa eru því ópall, kapasít, natríum stilbít og kalsít. Prjár röntgengreiningar af holufyllingum eru til frá þessu lagi, tvær frá 226 m dýpi. Í þeirri fyrri voru tínd út hvít brotkorn, það reyndist vera aragónít. Keyrt var eitt brotkorn með hvít sprungufyllingu þvert í gegnum kornið, sprungufyllingen var kapasít. Frá 304 m dýpi voru tínd hvít brotkorn og í röntgengreiningu reyndist það vera plagióklas og natríum stilbít, sem einnig er líklega sprungufylling. Gerðar voru tvær leirgreiningar frá 226 og 308 m dýpi. Báðar sýndu smektít saponít, illa kristallaðan struktúr sem brotnaði niður við hitun.

Þunnsneiðar nr. og dýpi: 14401 á 226 m, 14384 á 302 m, 14385 á 308 m og 14386 á 324 m.

*336-418 m dýpi.* Plagióklas og pyroxendílótt settúff. Í áfallandi ljósi virðist þetta vera ummyndað sidromelangler með yrjum af fersku gleri, einnig er talsvert af hlutkristölluðu og mjög fínkristölluðu basalti sem í þunnsneið er mest takkilytiskt gler. Í þunnsneið virðist vera mun meira af fersku sidrómelangleri en virðist vera í áfallandi ljósi. Pyroxen virðist vera titanaugít því hann hefur viða undilerandi útslokknun. Túffdreifikornin eru flest stærri en brotkornastærð því flest túffbrotkornin eru af einu sidrómelen eða takkilítisku glerkorni, en einstaka túffkorn eru samsett úr fleiri sidrómelan dreifikornum, bindiefni er smektít, analasím eða ópall og kalsít. Talsvert er af sidrómelan brotkornum með flyksur af þessum sömu útfellingum og áður voru nefndar (smektít, analasím, ópall, kalsít) sem þyðir að þessar steindir gætu verið bindiefni í settúffinu, þar sem dreifikornin eru stærri en brotkornin en þó e.t.v. ekki miklu stærri. Einnig er talsvert af setbrotkornum en þau eru oft með mikið af pyroxen svo þau eru líklega einnig frá þessu lagi. Þetta er túff sem er frá sömu eldstöð en gæti hafa sest til á talsverðum tíma og því hefur túffið nokkur seteinkenni.

*Ummyndun:* Meginhluti sidrómelanglersins af brotkornastærð virðist vera ferskt rauðbrúnt gler. Það er nokkru dekkra en venjulegt sidrómelangler. Þetta gler ummyndast út frá köntum og holum yfir í palagónít við holur, er oft fyrst dökkt palagónít með mjög lágt tvíbrot, síðan tekur við gult gelpalagónít isatrópt, síðan aftur dökkt palagónít og innst analasím, en út frá köntunum er oftast dökka palagónítíð (myndir 81-84). Auk þess hefur ópall komið í stað sidrómelanglersins í allmiklu magni. Þar sem sidrómelan dreifikornin eru minni en brotkornin, er allt glerið farið yfir í palagónít. Í stöku brotkornum af sidrómelangleri finnst rauður ummyndunarkragi í kringum glerið og er isatrópur. Útfellingar eru analasím, ópall, kalsít og stilbít (mynd 81). Miklu minni ummyndun sést í takkilítinu. Holur eru þó fylltar. Röðun: stilbít - smektít - analasím kalsít. Engar röntengreiningar eru til frá þessu lagi. Punnsneiðar, nr. og dýpi: 14387 á 342

m og 14388 á 366 m.

*418-478 m dýpi.* Mest setbrotkorn af tveim grófleikaflokkum. Set þar sem dreif er mjög smá, 0,01-0,07 mm og þar sem dreifikornin eru 0,1-1 mm eða stærri. Auk setdreifikornanna eru basaltbrotkorn mismunandi grófkristölluð. Þessi basaltbrotkorn eru hluti af dreifikornum í setinu, sem eru stærri en brotkornin, því að á mörgum basaltbrotkornum má sjá flyksur af seti. Einnig eru til basaltbrotkorn sem eru með hring af seti, þ.e. dreifikornastærðin er nánast sú sama og brotkornastærðin. Einnig finnst talsvert af sidromelan glerbrotkornum sem einnig eru hluti af stærri sidrómelan dreifikornum, því setflyksur finnast oft með sidrómelanglerinu, einnig sjást mjög stór dreifikorn af sidrómelangleri í setinu. Auk basalt og sidrómelan dreifikorna finnst plagióklas og í minna mæli pyroxen. Dreifikornastærðin í setinu er því frá 0,01 mm og uppfyrir 2 mm að stærð. Setið er talsvert misgróft því mjög misjafnt magn af basalti og sidrómelangleri er í þessu lagi. Basaltið er miklu misgrófkristallaðra en í setinu fyrir ofan, en grófasta basaltið finnst aðeins í stærstu dreifikornum. Bindiefnið er mest palagonít, vottur er af ópal.

*Ummyndun.* Talsvert mikið er af fersku gleri í stærstu dreifikornum, en öll smærri sidrómelan glerdreifikorn eru ummynduð yfir í brúnt palagónít eða dökkt, sem oftast er smektít. Holur eru fylltar af sidrómelanglerinu. Röðun er gelpalagónít, fjaðraður smektít og á myndum 48 og 49 er analasím síðast til að myndast. Sprungur eru fylltar eins og sést á myndum 46 og 47. Þar er fylling líklega stilbít. Stærri sprungur eru einnig í þessu lagi, því það finnast holu(sprungu-) fyllingar sem brotkorn og greint hefur verið kalsít, stilbít, kapasít, ópall og kaledon. Í röntengreiningu á völdum brotkornum frá 420 m dýpi voru þessar steindir greindar: Plagióklas diopsíð, stilbít, analasím og kapasít. Einnig er til leirgreining frá 420 m sem er smektít. Þunnsneið nr. 14389 frá 420 m.

*478-550 m dýpi.* Basaltlög: Frá 478-496 m dýpi eru fínkristölluð basaltlög með millilög-

um. Frá 496 m dýpi er meðalgrófkristallað basalt (myndir 51 og 52) og ekki er að sjá nein millilög í þessu lagi. Þetta lag gæti verið gangur, því það er ferskt.

*Ummynundun.* Pyroxen er á stöku stað (550 m) að breytist yfir í grænan leir með mjög lágt tvíbrot. Engar holufyllingar sjást í þunnsneið, en tínt var út stilbít eins og áður sagði. Punnsneið nr. 14393, dýpi 550 m.

*550-582 m dýpi.* Misjafnlega basaltríkt set. Brotkornin eru aðallega fínt set og basalt misjafnlega grófkristallað. Basaltmagnið er misjafnlega mikið og er mest kringum 570 m dýpi. Basaltið tilheyrir líklega setinu, því setflyksur finnast í sumum basaltbrotkornunum, en einnig er hugsanlegt að hluti af basaltinu sé frá gangaýrum í setinu, einkum neðst þar sem talsvert mikið er af fremur grófum ferskum basaltbrotkornum, eins og eru í ganginum fyrir neðan. Einnig finnast nokkur brotkorn af sidrómelangleri, meira eða minna ummynduðu (mynd 98). Meginhluti setsins er fínkorna set með dreifikornastærð 0,01-0,07 mm í þvermál. Dreifikornin í þessu fína seti eru langmest sidrómelangler og plagióklas, bindiefnið brúnt palagónít (myndir 55-58). Þetta fína set virðist vera lagskipt því setbrotkornin skiptast í two flokka þar sem dreifikornastærðin er ýmist nærrí lægri eða hærri stærðarmörkum. Einnig finnst lagskipting í einu og sama korni (mynd 55-58). Nokkur brotkorn eru af mun grófara seti sem hefur dreifikorn 0,1-0,3 mm í þvermál. Dreifikornin eru mest basalt og takkilítiskt gler (myndir 59 og 60) og bindiefni ópall. Einnig finnast brotkorn sem hafa plagióklas og pyroxen. Ef slíkt set myndar ákveðin lög í setinu eru þau mjög þunn. En lög sem innihéldu mest basaldreifikorn, sem væru yfir brotkornastærðinni, væru mun þykkari.

*Ummynundun.* Meginhluti sidrómelanglersins í fína setinu (0,01-0,07 mm) er farinn yfir í brúnt palagónít (sametít), aðeins stöku restir af fersku gleri sjást (myndir 57 og 58). Í allra fínasta setinu er allt sidrómelanglerið horfið yfir í brúnleitan palagónítmassa, þar sem útlínur sidrómelan dreifikornin eru horfin og einungis sjást plagióklas

dreifikornin með stöku takkilítisk eða magnetít dreifikorn (mynd 99). Takkilítiska glerið virðist standast mun betur ummyndun en sidrómelanglerið, en verið getur að erfiðara sé að meta það og það sjáist síður nema þar sem það er lítið ummyndað. Plagióklasinn er allstaðar ferskur.

*Holufyllingar.* Sprungur myndast í setinu eins og á myndum 53 og 54, sem fyllast svo af holufyllingarsteindum. Á myndum 53 og 54 hefur analssím fallið út í sprungunni. Mjög lítið er af holufyllingum af brotkornastærð, þó hefur fundist stilbít með röntgengreiningu. Valin korn frá 560 m dýpi, sem greind voru í röntgen, innihéldu plagióklas, díopsíð og stilbít. Leirgreining frá 560 m sýndi smekttí. Punnsneið nr. 14394, dýpi 560 m.

*582-600 m dýpi.* Basalt. Sennilega gangur frá 582-590 m dýpi. Þar er fremur gróft ferskt basalt og hátt viðnám. Þar fyrir neðan er einnig ferskt basalt en mun fínna og vottar fyrir blöðrum, svo það gæti verið hraunlag, en er líklegast hluti af ganginum. Engar röntgengreiningar eða þunnsneiðar eru frá þessu lagi.

*600-654 m dýpi.* Mismunandi túffríkt og basaltríkt set og mismunandi grófkornótt set. Setið er nokkuð örugglega lagskipt. Fínasta setið er mjög svipað setinu fyrir ofan (550-587 m). Algengasta dreifikornastærðin er frá 0,04-0,07 mm, en oft eru í þessu fína seti stór basalt- og takkilítkorn frá 0,1 mm og upp í brotkornastærð > 1 mm (mynd 101), en að öðru leyti er þetta næstum eins og setið í 550-582 m. Næstfínast er set sem er með stærri dreifikorn en 0,1 mm og upplendir brotkornastærð 2 mm. Dreifikornin í þessu grófa seti eru takkilítiskt gler og basalt misjafnlega grófkristallað, sidrómelan gler, svart gler, plagióklas og pyroxen í mjög litlum mæli. Bindiefnið getur verið zeólítar t.d. analssím (mynd 61 og 62) þar sem sidrómelan gler er mjög líttill hluti dreifikornanna (myndir 61 og 62) en þar sem sidrómelangler er ráðandi dreifikorn er palagónít bindiefni (mynd 101). Dreifikornin sem eru stærri en brotkornastærðin þurfa ekki að mynda ákveðinn gróf-

leika í seti, þau eru líklega dreifikorn í annars fínu seti.

**Ummýndun.** Meginhluti sidrómelanglersins er brúnt og graent palagónít smektít. En töluvert er eftir af fersku sidrómelangleri í stærstu dreifikornunum (mynd 101). Einnig er talsvert af ferskum brotkornum af sidrómelangleri. Töluvert er eftir af fersku takkilítsku gleri en oft er leirmýndun meðfram köntum glersins (myndir 61 og 62). Plagíóklas er að mestu ferskur. Á stöku stað finnst leir í sprungum. Pyroxen er ummyndað yfir í brúngrænt smektít. Einnig finnast pyroxen dreifikorn í setinu sem eru ummýnduð yfir í ríolít. Holufyllingar: Eins og áður sagði er aðal bindiefni brúnt palagónít sem er sennilega ummýndun af smá sidrómelankornum. Einnig finnast zeólítar sem bindiefni og algengast er analssím en einnig er mesolít sem bindiefni, og á myndum 61 og 62 hefur analssím myndast fyrst og síðan mesolít. Ópall með byrjun á kaledonmyndun finnast einnig sem bindiefni. Sprungufyllingar þ.e. holufyllingar í brotkornastærð eru stilbít, analssím, kapasít, kalsít, anhydrit og nokkur brúngræn selodónít-korn. Röntgengreining á völdum brotkornum frá 618 m gaf plagíóklas, dropsíð, stilbít, analssím og kapasít. Leirgreining frá 618 m gaf smektít. Þunnsneið nr. 14395, dýpi 618 m og þunnsneið nr. 14391, dýpi 646 m.

**654-710 m dýpi.** Basaltlög misjafnlega gróf en fersk. Þetta gætu vel verið tveir gangar. Þeir gætu skipst á 680 m dýpi. Þar gæti verið þunnt millilag en þá langt undir 2 m þykkt. Mest er þetta fremur gróft basalt (myndir 63 og 64). Þunnsneið nr. 14397, dýpi 680 m.

**710-742 m dýpi.** Misgróft og basaltríkt set. Það eru sömu grófleikaflokkarnir og í setinu fyrir ofan, 0,01-0,07 og stærri 0,1 mm. Mikil dreif er af grófu basalti eins og er í laginu fyrir ofan, þó er líklegt að einn þunnur gangur sé í setinu. Ummýndun er einnig mjög svípuð og í laginu fyrir ofan. Röntgengreining á völdum brotkornum frá 734 m dýpi gaf eftirfarandi steindir: plagíóklas, dropsíð og stilbít. Leirgreining frá 734 m gaf smektít. Þunnsneið nr. 14443, dýpi 734

m.

**742-946 m dýpi.** Basaltlög, misjafnlega gróf-kristölluð með talsverðu af túffkenndum millilögum. Ummýndun er fremur lítil, þó er pyroxen að byrja að ummýndast yfir í smektít. Sömu ummýndunarsteindir finnast í þessum lögum og í setinu og túffinu fyrir ofan. Röntgengreiningar á völdu efni eru til frá eftirfarandi dýpi, 874, 876, 878, 938 m. Greint 874 m plagíóklas analssím, kapasít og kvars?, 876 m plagíóklas dropsíð, kapasít, kalsít, tomsónít og stilbít. 878 m, engir toppar, 938 m plagíóklas, dropsíð, augít, kapasít, kalsít tomsónít og stilbít. Tvær leirgreiningar 876 og 938 m, smektít. Þunnsneiðar nr. 14444, dýpi 766 m, nr. 14445, dýpi 782 m, nr. 14446, dýpi 812 m, nr. 14447, dýpi 864 m, nr. 14448, dýpi 876 m, nr. 14449, dýpi 909 m, nr. 14450, dýpi 930 m, nr. 14451, dýpi 938 m og nr 14452, dýpi 944 m.